

# Óendanleikinn framundan: Grímsvatnaaskjan og plánetan jörð

Anna Líndal<sup>1</sup> og <sup>2</sup>Bjarki Bragason

<sup>1</sup>*Tómasarhagi 53,107 Reykjavík*

<sup>2</sup>*Listaháskóli Íslands, Laugarnesvegur 91, 104 Reykjavík*

*a.lindal@centrum.is; bjarkibragason@lhi.is*

<https://doi.org/10.33799/jokull2020.70.139>

Leiðangur Hakon Wadell og Erik Ygberg á Vatnajökul árið 1919, fyrir rúmum hundrað árum má skoða sem birtingarmynd fjölbreyttra menningarlegra fyrirbæra. Tveir ungir námsmenn sem þráðu eitthvað stórkostlegt, að komast í snertingu við yfirþyrmandi ástand, ókannað landsvæði þar sem hættan bíður við hvert fót-mál. Þeir gerðu sér leiðangur frá Stokkhólmi á Vatnajökul til að finna eitthvað sem enginn annar hafði áður séð eða snert. Leiðangurinn var langur og strangur. Á jökulbreiðunni er svartapoka en þeir halda ferðinni áfram þangað til hestarnir taka af þeim völdin og neita að fara lengra. Þokunni léttir, og þá blasir náttúru-undrið við; Grímsvatnaaskjan. Þegar Grímsvötn birtust fyrst á Íslandskorti árið 1720, teiknaði Peter Raben þau sem vatnaklasa inni á jöklinum. Árið 1920 birtir Wadell fyrsta kortið af Grímsvatnaöskjunni. Við það breytist Grímsvatnaaskjan úr því að vera hugmynd um stað yfir í kortlagt landsvæði. Núna árið 2020 búum við í veröld þar sem hver kimi af plánetunni jörð er myndaður með gervitunglum hvern einasta dag, aftur og aftur. Söguleg staðreynd sem breytir upplifun okkar af jörðinni og hugmyndum okkar um land/stað.

Í ferðum um Vatnajökul er auðvelt að upplifa hann sem ósnortna víðáttu, þrátt fyrir margendurteknar mælingar fram og til baka. Jökullinn er opið rými í stöðugri þróun sem aldrei er endanlegt. Grímsvötn, virkasta eldstöð á Íslandi er lifandi náttúrukerfi, sjálfstæð og ósnertanleg. Það má hugsa sér Grímsvatnaöskjuna sem tákn/myndlíkinu fyrir plánetuna jörð. Með eldsumbrotum verður til nýtt land, ósnert

af manninum í örstutta stund. Við fyrsta tækifæri er maðurinn mættur á staðinn til að sjá, snerta, skoða, uppgötva og skrásetja jörðina með nýjustu tækni.

Það má halda því fram að gönguferð á svona stað skipti ekki máli, því veðrið og jarðhitinn sjái um að má út sporin þannig að þegar næst er komið á staðinn er hann aftur orðinn ósnortin víðáttu. Í stærra samhengi skiptir hvert fótspor máli. Þar sem fóturinn snertir jökulinn og líkamsþunginn þrýstir efsta laginu frá sér, verður eftir hvítur flötur, sem veldur meira endurkasti frá sólinni á jökullinn en þar sem öskudreifin liggur. Með sólarljósinu formgerist fótsporið sem skúlptúr og öðlast í smæð sinni táknrænt gildi (1. mynd).

## Tvöþúsund nítjánhundruð og nítján

Myndlistarverkið Tvöþúsund nítjánhundruð og nítján var gert í tilefni þess að hundrað ár voru liðin frá leiðangri Wadell og Ygberg í Grímsvötn og kortlagningar þeirra á svæðinu. Verkið er nokkurskonar sambland af gjörningi og myndverki. Það samanstendur af skúlptúr í skála Jöklarannsóknarfélagins á Grímsfjalli og athöfn sem fram fór á barmi Grímsvatnaöskjunnar í ferð sem Jöklarannsóknafélagið stóð að. Ferðin var í senn vinnuferð í skálana á Grímsfjalli og ferð sem farin var í tilefni afmælisins laugardaginn 31. ágúst 2019. Skúlptúrin er í formi kökudiska sem á eru prentuð tvö kort af Vatnajökli (2. mynd). Á disknum sjálfum er kort sem sýnir gönguleið þeirra Wadell og Ygberg þvert yfir jökulinn en á þeirri hlið disksins sem



1. mynd. Ósnortin víðáttu. Vestast í Grímsvötnum í vorleiðangri JÖRFÍ 2016, hópur á ferð en gjóska frá gosinu 2011 litar snjóinn. Við þessar aðstæður er auðvelt að ímynda sér að þarna hafi enginn stigið fæti áður. Á neðri myndinni sjást sporin eftir hópinn, merki um að svæðið er ekki lengur óraskað og upplifunin önnur. – *Untouched expanse. A group exploring the western part of Grímsvötn in 2016. Tephra from the eruption in 2011 covers the surface. The land on the upper picture looks pristine but on the lower one shows the effect of the footsteps of the explorers.* Ljósmynd./Photos: Anna Línadal.



2. mynd. Tvöþúsund nítjánhundrað og nítján, er myndlistarverk, postulínsdiskur, sem Anna Línadal og Bjarki Bragason gerðu sérstaklega í tilefni þess að hundrað ár voru liðin frá leiðangri Wadell og Ygberg. a) Framhlið: Leið Wadell og Ygberg yfir Vatnajökul 1919. b) Bakhlið: Nýlegt kort sem sýnir fjölda mælilína á Vatnajökli frá undanförunum árum og áratugum. – *Two thousand nineteen hundred and nineteen. Art piece in the form of a porcelain plate. a) Front: The route of Ygberg and Wadell in 1919. b) Back: Recent map showing many of the lines marked by various surveys from the past several years. Artists: Anna Línadal and Bjarki Bragason.*

niður snýr er nýlegt kort sem sýnir fjölda mæli lína á Vatnajökli frá undanförunum árum og áratugum. Þó kortið sýni ekki allar mælingar sem gerðar hafi verið á þessu tímabili þá sýnir samanburðurinn þá miklu þróun í könnun og vísindalegum mælingum sem átt hefur sér stað. Eftirmiðdaginn 31. ágúst, eftir að hópurnir hafði klárað að bera á húsinn og áður en haldið var úr skála út að öskjunni komu þátttakendur í ferðinni saman og hlýddu á frásagnir þeirra Eriks Sturkell og Helga Björnssonar af leiðangri þeirra Ygberg og Wadell og hvaða gildi ferð þeirra og uppgötvanir fyrir 100 árum höfðu.

Samhliða var boðið upp á súkkulaðiköku með áprentuðu korti úr sykurmassa af landakorti Wadell og hún borin fram á diskunum. Diskarnir eru varðveittir í Grímsvatnaskálanum. Í kjölfarið hélt hópurnir, sem samanstóð af 22 einstaklingum, í bílum af Grímsfjalli að þeim stað sem líklegt er talið að þeir félagar hafi sett tjald sitt niður forðum. Annar liður í verki okkar á staðnum var öllu loftkenndari, en í honum fólst að leiðangursfólk var beðið að ganga frá þeim stað

þar sem bílunum var lagt að barmi Grímsvatnaöskjunnar í þögn. Þessi bón okkar var hugsuð sem aðferð til þess að hver og einn gæti nálgast umhverfið í íhugun um staðinn, á þeim tímamótum sem dagurinn táknaði. Þögnin varði í stutta stund, á meðan fólk gekk eitt og sér og í smáum hópum út á öskjubrúnina og ekki heyrðust önnur hljóð en brak í snjó og skrið í fötum. Eftir stutta stund sleppti þögninni og fólk hóf að tala saman á ný og létt var yfir hópnum sem síðan hélt í stutta gönguferð á Svíahnjúk vestari (3. mynd). Vægi þagnar er breytilegt eftir aðstæðum og er þögnin gjarnan notuð sem leið til þess að búa til nýtt og ósýnilegt rými þar sem margir geta verið saman á ólíkum forsendum. Þannig vildum við skapa farveg fyrir hvern og einn til þess að eiga sína innri upplifun af því andartaki að sjá Grímsvatnaöskjuna birtast og mögulega finna sig staðsettan í skörun við tímann og þá staðreynd að á sama tímamarki hundrað árum fyrir litu mennsk augu staðinn í fyrsta sinn svo vitað sé.

Sem myndlistarmenn nálgast höfundar þessarar greinar Vatnajökul sem leið til þess að spegla hið smáa



3. mynd. Hópurinn samankominn á brún Grímsfjalls vestan við Vestari Svíahnjúk. – *The group on August 31, 2019 on the rim of the Grímsvötn caldera, exactly 100 years after the visit of Ygberg and Wadell.* Ljósmynd: Katla Líndal, 31.08.2019.





4. mynd. Uppgröftur á birkitré frá því löngu fyrir landnám við sporð Breiðamerkurjökuls. – *Remains of a birch tree from long before the settlement of Iceland emerging from the retreating Breiðamerkurjökull outlet glacier.* Ljósm./Photo: Bjarki Bragason, 2018.

og sértæka í víðara samhengi; áhrif gjörða, einstaklinga og atvika í veraldarsögunni. Jökullinn geymir upplýsingar um fortíðina og er samtímis mælikvarði á samtímann og vísending um það sem er í vöndum. Þannig veitir hann innsýn í veðurfar liðinna alda og árpúsunda á sama tíma og hlýnum og bráðnun birtir jarðvegsleifar líkt og birkitrén sem nýverið fundust við sporð Breiðamerkurjökuls, en höfðu verið undir þungu fargi íss og urðar í um 3000 ár (4. mynd). Í vinnuferlinu sem leiddi að verkinu og þátttöku okkar í ferðinni beindum við sjónum okkar að afstæði mennsks tíma gagnvart jarðfræðilegum tíma á þessum stað. Með því að setja verkin fram viljum við draga fram gagnrýna og nytsamlega hugleiðingu um þær breytingar sem síðasta öld fól í sér fyrir umhverfið. Sú öld sem leið á milli 31. ágúst 1919 og 31.

ágúst 2019 hefur verið tímabil þar sem ógnar hraðar breytingar hafa orðið á náttúrulegum ferlum samhliða því að mannkynið hefur orðið að jarðfræðilegu afli. Afli sem hefur áhrif á það hvernig staðir verða til og hvernig staðir hverfa.

### Infinite Next:

#### Grímsvötn caldera and planet Earth

In this article artists Anna Línadal and Bjarki Bragason discuss their work *Two thousand nineteen hundred and Nineteen*. The work was presented during the Iceland Glaciological Society's (IGS) work trip to the Grímsvötn caldera in Vatnajökull glacier on 31. August 2019 in commemoration of the 100th anniversary of Hakon Wadell's and Erik Ygberg's 1919 expedition to the area and its subsequent mapping. Anna Línadal's

photographic work, *Untouched* expanse in the opening of the article addresses the importance of observing and recognizing the significance of minor events within the larger context of the environment. The Grímsvötn caldera is in the work observed as a self-contained system which, although remote and harsh to its visitors, the artist proposes that it mirrors changes in the world at large. Even though footsteps trodden in the area vanish and blend into the environment, the bodily pressure of one person's foot creates an imprint which acts as a reflector for sunbeams as ash is moved from the surface of the ice, making it more susceptible to exposure and melting. In this way the environment is continuously altered by human activity despite its constant appearance as untouched wilderness. Their two-part work presented and donated to the IGS cabin at Grímsfjall, Líndal and Bragason aimed to underscore the collision of human and geological time scales which may be discerned through the recognition of the anniversary of human eyes first laying sight on the caldera and its emergence from being an idea in the world (for example in Peter Raben's 1720 map of Iceland) to becoming a mapped site. One component

of the work is a set of cake plates which display two maps of Vatnajökull glacier, on the top side Wadell and Ygberg's 1919 expedition path is dotted (the first recorded West-East crossing of the glacier). The underside of the plate reveals a recent map of Vatnajökull and the many, though not finite, survey lines established there in recent years and decades. Before the 22 participants in the trip to Grímsvötn drove together from the IGS cabin to the edge of the caldera, to stand in what is believed to be the spot where Wadell and Ygberg put down their tent a century ago, cake with a sugar printed map of the 1919 journey was served on the plates. The second component of the artistic gesture made during the 2019 trip was a wish from the artists to the participants in the trip to walk in silence from where the cars were parked towards the edge of the caldera. Silence in this context served as a means for individual critical and poetic reflection, offering participants for a short moment the opportunity to experience on their own terms the significance of seeing the caldera unfold in front of them at this momentous point in the site's history.